

# **Stefnumótun um sérkennslu í grunnskólum**



**Byggð á  
Skólastefnu Mosfellsbæjar**

Júní, 2004

# **Stefnumótun um sérkennslu í grunnskólum** **Mosfellsbæjar.**

Á 111. fundi fræðslunefndar í maí 2003 var því vísað til sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs að mynda verkefnishóp í samvinnu við grunnskólana, setja hópnum erindisbréf og koma með tillögur um framtíðarskipan sérkennslumála til fræðslunefndar.

Í hópnum störfuðu á þessum vetri skólastjórar grunnskólanna, Viktor Guðlaugsson og Sigríður Johnsen, grunnskólafulltrúi Sólborg Alda Pétursdóttir og sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Björn Þráinn Þórðarson

Í erindisbréfinu kom fram m.a. að hópurinn einsetti sér að:

- 1) Skilgreina sérkennslu í samræmi við skólastefnu Mosfellsbæjar og í samræmi við hugmyndir um kennslu nemenda sem af sérstökum ástæðum víkja frá þörf fyrir almennar kennsluáðstæður.**
- 2) Gera yfirlit yfir stöðu og verkefni sérkennslu í grunnskólum Mosfellsbæjar**
- 3) Meta þörf fyrir sérstök úrræði fyrir sérstaka hópa, svo sem mikið fatlaða einstaklinga, nemendur með veruleg hegðunarleg frávík og með félagslega veikan bakgrunn, bráðger börn og nýbúa.**
- 4) Meta þörf fyrir sérhæfingu í sveitarfélaginu og hugsanlega verkaskiptingu milli skólanna, sem og taka afstöðu til að allir nemendur hljóti sömu þjónustu.**
- 5) Tillögur um breytingar á fyrirkomulagi sérkennslumála í Mosfellsbæ og tillögur að framtíðarskipan.**

Farið var í báða grunnskólana á sl. vetri og rætt var við lykilpersónur, en megin vinna fór fram í vinnuhópnum sjálfum. Farið var yfir umfang og magn sérkennslu, aðferðir og aðferðarfræði og voru hugmyndir sem fram komu í skólunum nýttar í hugmyndavinnu hópsins. Staða og verkefni sérkennslunnar (fjöldi nemenda og tímamagn) var síðan lagt til grundvallar við fyrirkomulag um úthlutun fjármagns til sérkennslu, en sú regla tók gildi við afgreiðslu síðustu fjárhagsáætlunar, sbr. samþykkt fræðslunefndar á 121. fundi sínum, þann 5.11.2003 og er nú í framkvæmd fjárhagsárið 2004.

Nú liggja fyrir drög um helstu atriði sem hópurinn telur nauðsyn að fram komi í stefnumótun um sérkennslu og fylgja hugmyndir hér á eftir.

## **Hugmyndafræði.**

Í Skólastefnu Mosfellsbæjar koma fram áherslur sem snerta stefnumótun um sérkennslu og segja má að séu leiðarljós fyrir stefnumótun í sérkennslu.

### **Um nemandann og umhverfi hans:**

- Kjarni skólastefnu Mosfellsbæjar er að setja einstaklinginn í öndvegi. Skólastarf á að taka mið af þörfum hans, félagslegum aðstæðum og umhverfi. Þannig er litið á hvern og einn bæði sem félagsveru og einstakling með sérstakar og einstakar þarfir.
- Mikilvægt er að leggja áherslu á að sérhver einstaklingur hefur rétt til að lifa og dafna í samfélagi, sem byggir á lýðræði, jafnræði og jafnrétti.
- En enginn er eyland, sérhver einstaklingur er hluti af menningu sem leggur honum skyldur á herðar, gagnvart umhverfi sínu, sjálfum sér og öðrum. Ræktun menningar á hverjum stað felur í sér að tengja einstaklingana í því sem er sameiginlegt og gerir sérhvert samfélag sérstakt.

### **Um samstarf heimilis og skóla:**

- Heimili og skóli leggja til umgjörð þess sem við köllum skólasamfélag og það byggist á samráði og samstarfi. Samvinnan snýr að uppeldi og menntun einstaklinganna og er hlutverk foreldra að koma að skólastarfinu með einum eða öðrum hætti og hlutverk skólans að leggja meginlinur í daglegu starfi, en í öfluglu samráði við heimilin.
- Skólinn hefur einnig það hlutverk að efla samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum.
- Æskilegt er að skólasamfélagið vinni samkvæmt sameiginlegum og skýrum markmiðum þar sem áhersla er lögð á þroska, öryggi og vellíðan barna. Mikilvægt er að kröfur og væntingar foreldra og skólans séu í samræmi við þroska og þarfir nemenda.
- Mikilvægt er að foreldrar fái aðstoð við að skapa umhverfi sem styður þroska og nám barna og felur í sér aðhlynningu og umhyggju.

### **Um nám:**

- Nám er ferli sem á sér stað alla ævi, þar sem einstaklingurinn sjálfur er alltaf virkur. Að læra er að mæta einhverju nýju, meðtaka það og gera það að hluta af sjálfum sér, gera það að eigin þekkingu og þroska þannig eigin lífssýn.
- Vöxtur, þroski og þróun sérhvers einstaklings er afrakstur af slíkum lærdómi. Verkefni stofnana sem koma að uppeldis- og skólastarfi er að skapa umgjörð sem hefur þessa sýn að leiðarljósi.

### **Um forsendur sérkennslu:**

- Megin þema beinist að einstaklingsmiðuðu námi.
- Í stefnumótun um sérkennslu hefur verið lögð áhersla á að gildi uppeldis- og skólastarfs liggja í því að koma hverju barni til eins mikils þroska og mögulegt er með fjölbreytilegum viðfangsefnum og aðferðum.
- Mikilvægt er að sérhver einstaklingur sé fær um að nýta sér reynslu, þekkingu og skilning í umhverfi sínu og honum sé búið hagstæðustu uppeldisskilyrði til þess, þannig að hann fái notið sín.

- Unnið verður eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar, þar sem megináhersla er lögð á að nemendur jafnt fatlaðir sem ófatlaðir fái kennslu við hæfi innan bekkja eftir því sem því verður viðkomið og það þjónar hagsmunum nemenda.
- Til þess að koma til móts við nemendur eftir þörfum hvers og eins er nauðsynlegt að beita sveigjanlegum kennsluháttum.

Gert sé ráð fyrir að flestir nemendur stundi nám í grunnskólum bæjarins í sinni heimabyggð, en gert er ráð fyrir að einhverjir nemendur stundi nám í sérskólum eða sérdeildum þar sem foreldrar eiga rétt á að velja á milli sérskóla, sérdeildar og almenns skóla fyrir börn sín sbr. grunnskólalög nr. 66/1995.

Í þessari stefnumótun er byggt á grunnskólalögum nr. 66/1995, reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996, með áorðnum breytingum nr. 905/2003, aðalnámskrá grunnskóla, alþjóðlegum yfirlýsingum og sáttmála sem Ísland er aðili að.

## Úthlutun fjármagns til sérkennslu

Úthlutun fjármagns til sérkennslu verður með eftirfarandi hætti:

- Skólunum er úthlutað fjármagni til sérkennslu vegna nemenda með almenna og sértæka námserfiðleika. Útdeiling fjármagns tekur mið af heildarnemendafjölda hverju sinni (þar með töldum nemendum sem falla undir lið b) og er viðmiðið ákveðinn fjöldi vikustundir á hvern nemenda. Úthlutun verður endurskoðuð árlega.
- Skólunum er úthlutað fjármagni vegna mikið fatlaðra nemenda og nemenda með alvarlega samskipta- og hegðunarörðugleika, geðraskanir út frá greiningu sem samþykkt er af Skólaskrifstofu hverju sinni. Sú upphæð mun fylgja nemendum hvar sem að þeir stunda nám. Mat og úthlutun verður endurskoðað árlega.
- Skólunum er úthlutað fjármagni vegna nýbúa og bráðgera barna og er viðmiðið ákveðinn fjöldi vikustundir á hvern nemenda. Úthlutun verður endurskoðuð árlega.

Skólastjórnendur bera ábyrgð á því hvernig úthlutun til sérkennslu er nýtt og hvernig hún skiptist á milli einstakra nemenda. Skólunum ber að skila greinargerð í lok hvers skólaárs um nýtingu sérkennslutíma.

## Sveigjanlegir kennsluhættir.

Til að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda er lögð áhersla á að skólarnir viðhafi sveigjanlega kennsluhætti.

Leitast skal við að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í náminu á hverjum tíma. Að jafnaði skulu þessir nemendur fá einstaklingsnámskrá sem skal sniðin að breytilegum þörfum þeirra.

Námsefni og námshraði ræðst því af þörfum og getu hvers einstaklings.

Skipulagning almennar kennslu er einnig mikilvæg til að draga úr hugsanlegri sérkennsluþörf t.d. með því að viðhafa ákveðna námsaðgreiningu eða sveigjanlegt kennsluform innan almennu kennslunnar.

### **Skipulag sérkennslu.**

Meginmarkmiðið er að nemandinn fái sérkennslu í sínum bekk ef það nýtist honum og unnt er að koma því við vegna annarra nemenda.

Þar sem skólarnir meta að sérkennslunni verði betur mætt utan hefðbundins bekkjar skal leitast við að veita hana í námshópum sem geta verið breytilegir að stærð allt eftir eðli þeirrar kennslu sem verið er að veita og þeim möguleikum sem nemendur hafa til þess að nýta sér hana.

Blandað sérkennsluform þar sem nemandinn er að hluta til í almennum bekk og að hluta til í minni námshóp eða einstaklingskennslu er einnig valmöguleiki.

Í vissum tilvikum getur verið nauðsynlegt að nemandi fái einstaklingskennslu og skal það metið í hverju tilviki.

### **Námsver.**

Starfrækja skal Námsver í skólunum.

Hlutverk námsversins verður m.a.:

- **Að vera sérkennsluver eða sérkennslumiðstöð, einskona miðlæg þjónusta í skólanum.**
- **Að hýsa safn skólans af sérhæfðum kennslugögnum í nánara samstarfi við skólasafnið.**
- **Að veita ráðgjöf og stuðning til kennara og annarra starfsmanna skólans sem og til foreldra.**
- **Að veita sérkennslu fyrir nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan bekkja.**
- **Að gera einstaklingsnámskrár í samvinnu við umsjónarkennara að höfðu samráði við foreldra viðkomandi nemanda.**

Í námsveri getur einnig farið fram sérkennsla einstakra nemenda eða nemendahópa

allt eftir aðstæðum og skipulagi sem unnið verður af deildarsjóra sérkennslu og stjórnendum skólans.

Ef kennsla nemenda með sértækar fatlanir eða víðtæka námsörðugleika fer fram við skólann í sérstökum hópum getur sú kennsla verið hluti af eða tengd námsverinu faglega, stjórnunarlega og/eða skipulagslega. Slíkt skal ætíð metið af stjórnendum og fagfólki skólans og taka mið af aðstæðum á hverjum tíma.

Þá getur nýbúakennsla einnig farið þar fram ef það þykir henta. Undir sértæka námsaðstoð fellur aðstoð eða sérkennsla sem veitt kann að verða “bráðgerum börnum”.

### **Starfslið.**

Skólarnir skulu ætíð leitast við að hafa á að skipa hæfu starfsfólki með sem breiðastan faglegan grunn sem miðast við þarfir skólans fyrir sérhæft starfslið á hverjum tíma.

Þannig ber að leggja áherslu á að innan skólans starfi sérkennarar, þroskaþjálfar, námsráðgjafar og aðrir þeir sérfræðingar sem þörf er fyrir hverju sinni auk stuðningsfulltrúa.

## **Sameiginlegir þættir Skólaskrifstofu og grunnskólanna.**

### **Sérfræðiþjónusta skóla.**

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar ábyrgist að skólar bæjarins fái sérfræðiþjónustu í samræmi við grunnskólalög og reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla (386/1996) með áorðnum breytingum.

### **Þjónusta vegna tal- og lestrarörðugleika.**

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar ábyrgist að skólar bæjarins fái þjónustu talkennara eða sérfræðinga með sambærilega menntun til að annast ráðgjöf til skólanna vegna nemenda með sértækan tal-og/eða málþroskavanda. Grunnskólarnir skulu sinna greiningu lestrarerfiðleika af sérkennslukvóta sínum og miðla kennara niðurstöðum og skulu í samráði við sérfræðiþjónustu veita ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við.

Sérfræðiþjónusta skal í samvinnu við skólana byggja upp þekkingu vegna skimunar- og greiningarprófa í lestri og talkennslu.

### **Heimili og skóli – fræðsla og þátttaka.**

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar og grunnskólar bæjarins munu í samvinnu stuðla að fræðslu til allra foreldra og forráðamanna um allt það sem snýr að almennri kennslu, sérkennslu og sveigjanlegum kennsluháttum til að stuðla að upplýstu skólasamfélagi.

Mikilvægt er að skólinn m.a. í gegnum nemendaverndarráð stuðli að sem öflugustu tengslaneti um sérhvern einstakling sem á sértækum stuðningi þarf að halda. Skal þar taka mið af mikilvægi þess fyrir nemandann og velferð hans, að foreldrar barna séu ætíð sem best upplýstir um skólastarf nemenda og námstilboð. Þá er einnig mikilvægt að foreldrar séu upplýstir um hvaða aðilar innan skólans hafi afskipti af nemandanum, þar sem verkaskipting og uppbygging stoðkerfis grunnskólanna getur leitt til þess að fleiri en einn aðili hafi afskipti af einstaklingi, sem þarf á sérstöku úrræði grunnskólans að halda.

Mosfellsbæ í júní, 2004.

---

f.h. vinnuhópsins  
Björn Þráinn Þórðarson,  
sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs

***Stefnumótun þessi voru staðfest í fræðslunefnd á 131. fundi nefndarinnar, þann 15. júní, 2004.***

**Fylgiskjal 1.**

**Tölfræðileg samantekt yfir fjölda sérkennslunemenda og sérkennslutímamagn skólaárið 2002-2003 og skólaárið 2003-2004**

## Varmárskóli

**Skólaárið 2002-2003** voru kenndar samtals 343 sérkennslustundir á viku. Fjöldi nemenda sem á einn eða annan hátt hlaut sérkennslu/stuðningskennslu er eftirfarandi:

### *Yngri deild.*

Samtals: 95 nemendur

Að meðaltali á fyrri og seinni önn voru 132 sérkennslustundir á viku í yngri deild.

Samtals voru nemendur í yngri deild Varmárskóla 423 (skráð þann 1. október 2002).

### *Eldri deild.*

Ekki eru til nákvæmar tölur yfir nemendur sem að sóttu sérkennslu/stuðningskennslu í námsverið í eldri deild Varmárskóla fyrir þetta skólaár. Deildarstjóri sérkennslu telur að milli 60 – 70 nemendur hafi hlotið sérkennslu/stuðning þetta skólaár.

Í svokölluðu “átaki” sem er langtímaúrræði fyrir nemendur í 7. til 10. bekk voru 7 nemendur.

Að meðaltali voru 211 sérkennslustundir á viku skólaárið 2002-3.

Samtals voru 400 nemendur skráðir í eldri deild 2002-3.

Samtals voru 22 nemendur í nýbúadeild úr eldri og yngri deildum og eru þeir hluti af heildarfjölda sérkennslunemenda. Tímamagn til nýbúadeildar eru 32 sérkennslustundir og eru þær hluti af heildar tímamagni skólans til sérkennslu.

## **Skólaárið 2003-2004.**

Sérkennslutímar í Varmárskóla eru 329,5 stundir á viku .

### *Yngri deild.*

Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra sérkennslu yngri deildar fengu u.þ.b. 85 nemendur sérkennslu/stuðning í vetur á einn eða annan hátt (formlegri samantekt ekki lokið).

Samtals voru 410 nemendur skráðir í yngri deild 1. október 2003

### *Eldri deild*

Samkvæmt skráningu deildarstjóra sérkennslu í eldri deild í febrúar 2004, höfðu 63 nemendur fengið stuðning/sérkennslu á einn eða annan hátt.



5 nemendur voru í “átaki” í námsveri í lengri tíma.

Samtals voru 384 nemendur skráðir í eldri deild 1. október 2003.

Samtals voru 22 nemendur í nýbúadeild úr eldri og yngri deildum og eru þeir hluti af heildarfjölda sérkennslunemenda. Tímamagn til nýbúadeildar eru 34 sérkennslustundir og eru þær hluti af heildar tímamagni skólans til sérkennslu.

### Varmárskóli - sérkennsla 2002-4

	2002-3	2003-4
Nemendur í eldri deild	400	384
Nemendur í yngri deild	423	410
Samanlagður nemendafjöldi	823	794
Sérkennslunemendur eldri deild	77	63
Sérkennslunemendur yngri deild	95	85
Samanlagt	172	148
Sérkennslustundir eldri deild	200,5	191
Sérkennslustundir yngri deild	142,5	138,5
Sérkennslustundir	343	329,5

### Lágafellsskóli.

**Skólaárið 2002-2003** voru kenndar samtals 84 sérkennslustundir á viku.

Alls hlutu 86 nemendur sérkennslu/stuðningskennslu á einn eða annan hátt þetta skólaár. Nemendafjöldi 1. október 2002 var 371 nemandi.

**Skólaárið 2003 – 2004** voru kenndar samtals 132 sérkennslustundir á viku.

Á haustönn 2003 nánar tiltekið í október, hafði 61 nemandi hlotið sérkennslu/stuðningskennslu á einn eða annan hátt það sem af var skólaárinu (\*formlegri samantekt ekki lokið).

Nemendafjöldi 1. október 2003 var 443 nemendur.

## Lágafellsskóli - sérkennsla 2002-4

	2002-3	2003-4
Samanlagður nemendafjöldi	371	443
Sérkennslunemendur	86	61*
Sérkennslustundir	84	132

(\*tölur frá haustönn).

### Verkefnið Bráðger börn.

Þá er rétt að geta þess að Mosfellsbær hefur verið þátttakandi í verkefninu Bráðger börn sem stjórnað er af Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og landssamtökunum Heimili og skóli. Nemendum gefst þá tækifæri til að taka þátt í námskeiðum sem yfirleitt eru haldin í Háskóla Íslands og stýrt af háskólakennurum.

Veturinn 2002-3 voru 9 nemendur úr Mosfellsbæ sem tóku þátt í verkefninu Bráðger börn, en þau eru ekki talin til sérkennslunemenda í ofangreindri tölfræði. Veturinn 2003-4 eru þessir nemendur 12.